

Nefndarsvið Alþingis,  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2023

**Efni: Ábending vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð- og myndmiðlun o.fl.), þingskjal 1527 – 979. mál**


Allsherjar- og menntamálanefnd hefur kallað eftir umsögnum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð- og myndmiðlun o.fl.) („frumvarpið“). Undirritaður hefur kynnt sé frumvarpið f.h. samtaka hagsmunaaðila og sér ástæðu til þess að koma eftirfarandi ábendingu góðfúslega á framfæri.

Í 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu fjölmiðlaveita sem miðla myndefni eftir pöntun að tryggja að a.m.k. 30% af því efni sem í boði er sé evrópskt og að efnið sé áberandi hluti af framboði fjölmiðlaveitunnar. Í 2. mgr. sömu greinar segir að skyldan gildi ekki um fjölmiðlaveitur með litla veltu eða fáa áhorfendur samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur og í 3. mgr. greinarinnar segir loks að Fjölmiðlanefnd geti veitt undanþágu frá ákvæði 1. mgr. ef ekki er talið réttlætanlegt eða raunhæft að gera þær kröfur með vísan til eðlis og áherslu hljóð- og myndmiðlunarþjónustunnar (e. *thematic exemption*).

Athugasemdir við 18. gr. frumvarpsins í lögskýringargögnum fjalla á hinn bóginn einungis um undanþágur veittar með hliðsjón af áhorfi eða afkomu. Þannig er ákveðin óvissa fyrir hendi um framkvæmd *thematic* undanþága, þ.m.t. þau sjónarmið sem Fjölmiðlanefnd skal leggja til grundvallar við mat sitt, sem gott væri að skýra með hliðsjón af hagsmunum haghafa.

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar vegna málsins.

Virðingarfyllst,



Arnaldur Starri Stefánsson, lögfræðingur